

Fundur 14.4.2025 Karenea, Krittversk kona sem var uppi fyrir 4,600 árum.

Komið þið öll blessuð og sæl.

*Góða kvöldið.*

Langt er síðan okkur tókst að svífa og höldum við því áfram, og heilsum við því ykkur frá framlífs hnetti og erum við fullviss um það á fyrir ykkur að liggja eins og öðrum að komast á slíka framlífs braut orkunnar.

Og bjó ég eitt sinn á gömlu jörðinni ykkar og minnst ég þess, og er það dýrmæt tenging og er það hin sama sól og vermir ykkur, en er það önnur sól sem vermir okkar hnött um þessar mundir.

Þykir mér leitt að okkur hefur ekki tekist að koma fram á ykkar fundi áður, og segja frá lífi okkar og tilveru í framlífi á framlífs hnöttum.

Og ekki síður er það skaði að letur og rit þjóðar okkar hafa ekki verið ráðin að fullu á jörð ykkar, og einnig vantar mikið upp á að, það urðu náttúruhamfarir og eyðilegging mikil á fornminjum, og var siglt á burt með margar leirtöflur, sem geymdu mikilvægar upplýsingar, og því saga okkar ekki eins kunn og æskilegt væri.

En vonum við að þið munið hér í kvöld magnast af okkur, og það er svo langt síðan við komumst á framfara leiðina og komumst af þeirri helstefnu braut sem við vorum á í fyrstu jarðvistunum, að ég þarf að, það þyrfti að útskýra alveg sérstaklega og fara út í það nánar, fræða ykkur um það, en það tengist því framlífi sem við lifðum á jörðinni ykkar og þeim vandamálum sem okkar menning lenti í, og þá var ég farin á framlífs jörð, en menningarástandið hélt áfram að breytast í sömu átt á framlífs jörðunum og ákveðnir öfgar sem urðu ekki leiðréttir fyrr en talsvert síðar á framlífs hnöttum.

Og ákveðin atriði í menningunni sem þurfti að stilla af og leiðrétt og koma til betri vegar, það voru margir aðrir framlífs hnettir sem höfðu áhrif á okkur einnig, sem tóku við svipuðum einstaklingum frá öðrum framlífs hnöttum, þar sem menningin var svipuð.

Og var það því ekki fyrr en síðar sem það leiðréttist, og erum við nú miklu nær ykkur, en margt er það sem minnir á okkar fornu menningu á jörðinni.

Og fylgjumst við með ástandinu á ykkar jörð gaumgæfilega af áhuga og viljum gjarnan fræða ykkur um hvernig þetta var hjá okkur og hvernig við höfum lagfært það og leiðrétt.

Var ég uppi fyrir um það bil fjögur þúsund og sex hundruð árum á eyggi Krít, og lifðum við í mæðra veldi, og breyttist menningin talsvert á löngum tíma og varð hún herskárri með tímanum.

En við byggðum upp okkar menningu frá hinum fornu rótum, þegar mannkyninu var að mestu útrýmt af Jahve fyrir um fjórtán þúsund árum og sökk í sæ meginlönd og varðveittust flóttamenn í íshellum og byrjaði menningin að nýju og áttum við í viðskiptum við nágranna þjóðirnar og hámenning hjá okkur um langt skeið, og voru það pýramíðarnir í Egyptalandi og pýramíðar sem voru gjöreyðilagðir á Norrænum slóðum, Norrænna þjóða, hámenningar þjóða.

Og löngu fyrir þann tíma byggð á norðurpólum, sem var hámenning, löngu fyrir þann tíma.

Á eyjunni okkar var einnig mikil hámenning fyrir meira en hundrað þúsund árum og voru af því aðeins sögusagnir, en héldum við í heiðri margt af því sem kennt var í þessum fornu menningar samfélögum, og höfðum við með okkur tæki sem gerðu okkur kleift að búa til skartgrip og tækni varning af öðru tagi sem nýtti sér orku úr pýramíðum og ýmislegt annað sem ykkur er framandi, og var það hámenningar skeið okkar um nokkuð langt skeið, og áttum góð samskipti við nágranna þjóðirnar.

Trúðum við þá á nokkrar Gyðjur aðallega og fór sú tignun vel fram, og starfaði ég sem skartgripa sali og átti fjölskyldu í því sem kalla mætti miðstétt og var þá talsvert farið að bera á þeirri stéttskiftingu sem síðar varð mikið vandamál hjá okkur, og sem með tímanum leiddi samfélag okkar út í ógöngur ofbeldis og stríðsrekstrar með tímanum.

Og frétti ég af því síðar er ég kom á framlífs hnetti mína, hvernig samfélag okkar þróaðist á jörðinni og komst ég þá í hærri stéttir og segja má því að þróunin á framlífs jörðum okkar hafi verið samhliða þróun samfélags okkar á jörðinni.

Og var það talsvert mikið síðar sem menning sú sem endanlega féll og eyðilagðist með miklum hörmungum og styrjöldum og helstefnu stríðum við aðra á framlífs jörðum, og urðum við þá að breyta þeim atriðum sem höfðu verið röng í upphafi og gefið sumum þegnum meiri völd umfram aðra og stuðla að spillingu og kynja ójanfnvægi, konum í hag og körlum í óhag.

Get ég sagt frá því að í hofum okkar voru geymd villidýr, og höfðum við af því hina mestu skemmtun að fylgjast með dæmdum mönnum berjast við þessi villidýr upp á líf og dauða og týna lífi sínu við mikinn fögnuð fjöldans.

Mun það hafa verið nokkurs konar upptaktur af Rómverskum hringaleika síð, þess efnis að láta menn berjast við villidýrin.

Og var samfélag okkar þannig uppbyggt að konur voru í meiri valdastöðum, sem löggjafar og hofgyðjur og embættismenn, og kynin voru höfð nokkuð aðskilin í eigin húsum og hýbýlum og heimilum, og áttu aðeins að mestu leiti samskipti við kynferðislegar athafnir.

Og var það þó ekki algilt meðal stéttanna, en kom snemma upp sá orðrómur að refsar þyrfti afbrotamönnum á sérlega grimmilegan hátt, og vildi þannig til að þeir voru karlkyns flestir.

Og fór þá þjóðfélagi okkar hnignandi og fengum við þær fréttir í framlífi, að þar hefðum við brotið gegn grundvallar lögmáli lífsins og minnkað orku okkar mannfélags, og lærðum ekki af því fyrr en löngu seinna.

En Jahve vildi koma upp feðraveldi meira og hermenn okkar börðust við þær þjóðir, eins og forn Egypta og í Afríku kom hann upp öflugar þjóðir, þar nálægt Afríku, þar sem pýramídar voru byggðir og frétti af því síðar, komin á framlífs hnött, að Jahve hefði styrkt Rómverja til að reyna koma á kristinni kirkju með þeim síðar sem varð.

En tókum við Gyðju dýrkunina út úr forn trúnni og var hún margbreytileg, en verð ég brátt að kveðja, en vil ég það segja að við lifum hér í jafnréttis þjóðfélagi á framlífs hnetti og höfum gert lengi, en hafa að vísu nokkrar kollsteypur fram og til baka átt sér stað í fortíðinni.

Afkvæmin orðin mörg og vil ég minnast á það að lokum áður en ég kveð, að um tíma breyttist menning okkar þannig að nautum var fórnað og öðrum skepnum, og þurftum við að bæta úr því sem við höfðum gert á þeirra hlut.

En hér er mikil orkan og höfum við verið á mikilli framlífs braut lengi, Krítversk kona Karenea,

*Karenea já þakka þér fyrir, heil og sæl.*

Já þakka ég fyrir mig og kveð ég og fagna að loksins hafi okkur tekist að komast í sambandið og fræða um okkar þjóð.

Verið þið sæl og óska ykkur velfarnaðar, verið þið sæl.

*Vertu sæl og þakka þér fyrir komuna.*